

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 73/2000

frá 2. október 2000

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/2000 frá 28. júní 2000⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/1/EB frá 14. janúar 2000 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 89/173/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tiltekna íhluta og eiginleika landbúnaðardráttarvéla á hjólum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/2/EB frá 14. janúar 2000 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 75/322/EBE varðandi aðgerðir gegn rafsegultruflunum frá hreyflum með neistakveikju í landbúnaðardráttarvélum á hjólum og tilskipun ráðsins 74/150/EBE varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/63/EB frá 18. janúar 2000 um breytingu á ákvörðun 96/627/EB um framkvæmd 2. gr. tilskipunar ráðsins 77/311/EBE varðandi hávaðamörk fyrir öikumenn landbúnaðardráttarvéla á hjólum⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.
- 5) Í kjölfar aðildar Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar að Evrópusambandinu er nauðsynlegt að breyta aðlögunarliðnum við tilskipun ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 237, 21.9.2000, bls. 64 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 42, 21.9.2000, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 21, 26.1.2000, bls. 16.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 21, 26.1.2000, bls. 23.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 22, 27.1.2000, bls. 66.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. lið (tilskipun ráðsins 74/150/EBE) í II. kafla í II. viðauka við samninginn skal breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„- **32000 L 0002:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/2/EB frá 14. janúar 2000 (Stjtíð. EB L 21, 26.1.2000, bls. 23).“

2. Fyrsti, annar og sjötti undirliður í aðlögunarliðnum, sem hafa að geyma færslur fyrir Austurríki, Finnland og Svíþjóð, falli niður.

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 7. lið (tilskipun ráðsins 75/322/EBE) í II. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **32000 L 0002:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/2/EB frá 14. janúar 2000 (Stjtíð. EB L 21, 26.1.2000, bls. 23).“

3. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 10. lið (tilskipun ráðsins 77/311/EBE) í II. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **32000 D 0063:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/63/EB frá 18. janúar 1999 (Stjtíð. EB L 22, 27.1.2000, bls. 66).“

4. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 23. lið (tilskipun ráðsins 89/173/EBE) í II. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **32000 L 0001:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/1/EB frá 14. janúar 2000 (Stjtíð. EB L 21, 26.1.2000, bls. 16).“

5. gr.

Texti tilskipana framkvæmdastjórnarinnar 2000/1/EB og 2000/2/EB og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2000/63/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

6. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 3. október 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

7. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 2. október 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

G. S. Gunnarsson

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.